

Minnisblað

Til: Íþróttá- og tómsbundanefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 31. mars 2023
Mnr. 2023010106



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Athugasemdir frá íþróttafélögum varðandi umgengisreglur í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar

Á fundi íþróttá- og tómsbundanefndar þann 18. janúar 2023 var tekið fyrir mál varðandi endurskoðun á umgengisreglum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Var aðildarfélögum HSV gefinn mánuður til að skila inn umsögnum. Alls bárust 2 umsagnir. Hafa þær nú verið sendar til forstöðumanna íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ og ætti afstaða þeirra að liggja fyrir fundi nefndarinnar þann 5. apríl 2023.

Körfuknattleiksdeild Vestra

Félagið leggur áherslu á að iðkendur megi nota íþróttasali til æfingar þegar þeir eru ekki í notkun og íþróttahúsið opið, án þess að taka einhvern fullorðinn með sér.

Eru þau á þeirri skoðun að banna eigi áfengi aðeins í íþróttasölum en ekki t.d. á göngum.

Í skipulögðum tímum telja þau að iðkendur eigi að bíða fyrir utan salinn þangað til þjálfari hleypir þeim inn. Ef salurinn er ekki í notkun á opnunartíma íþróttahússins megi þeir fara inn og æfa sig.

Aðeins í leigutímum/sölutímum þurfi að gefa upp nafn á ábyrgðarmanni leigutaka. Þetta sé óþarfi þegar kemur að skipulögðu starfi hjá aðildarfélögum HSV.

Aðalstjórn Vestra

Stjórn Vestra tekur undir hugmyndir kkd. Vestra og leggur megin áherslu á að iðkendur geti nýtt íþróttasali til æfingar þegar þeir eru ekki í annarri notkun. Nefna þau Bolungarvík sem dæmi en þar mega iðkendur í íþróttafélögum nýta salinn sé hann ekki í notkun.

Lagt fram til kynningar.